



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

15. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 10. janúar 2024

kl. 10.30 - 12.00 haldinn í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Afgreiðsla fundargerða.
2. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. Framhald. (Fskj. 1a-b)
3. Staðan í kjaramálum og niðurstöður viðhorfskönnunar meðal prófessora um aðgerðir.
4. Könnum meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. Framhald.
5. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 10.35.

1. Afgreiðsla fundargerða.

Þær fundargerðir sem á eftir að afgreiða eru á Teamssvæði stjórnar. Efnislegar athugasemdir þurfa að berast fyrir 17. janúar og verða teknar fyrir á næsta fundi. Ef engar athugasemdir berast fyrir þann tíma skoðast þær samþykktar.

2. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. Framhald. (Fskj. 1a-b)

Svar barst frá Samráðsnefnd um kjaramál HÍ í máli einstaklings um greiðslu kostnaðar í rannsóknamisseri (mál 3-2025) en málið var tekið fyrir á stjórnarfundi 8. nóvember sl. Niðurstaða nefndarinnar kemur á óvart þar sem ekki var fallist á rétt til greiðslu kostnaðar þrátt fyrir loforð þar um. Ákveðið var að fá fund með lögmanni BHM um málið. Formaður og trúarmaður mæti á fundinn ásamt framkvæmdastjóra.

3. Staðan í kjaramálum og niðurstöður viðhorfskönnunar meðal prófessora um aðgerðir.

Farið var yfir niðurstöður viðhorfskönnunar meðal prófessora um aðgerðir. Um 70% svarenda samþykktu að Samninganefnd félagsins undirbúi tillögur að aðgerðum til að þrýsta á gerð kjarasamninga. Rætt var um mögulegar aðgerðir og útfærslu á þeim. Kosið verður um tillögurnar áður en kemur til aðgerða. Samninganefnd fer á fund með lögmanni BHM um málið.

Fundur Samninganefndar með fjármálanefnd HÍ er áætlaður 16. janúar og fundur með Ríkissáttasemjara þann 17. janúar. Óskað verður eftir fundum með nýjum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Ragna sagði frá lögfræðiálitum sem félagið kallaði eftir í tveimur málum. Annað fjallar um grunnlaunasetningu prófessora m.t.t. menntunar og þær breytingar sem gerðar voru á kjarasamningum og stofnana samningum í kjölfar úrskurðar gerðardóms á grundvelli laga nr. 31/2015. Hitt áltið eru um ákvæði stofnana samnings FPR við HÍ um kennsluyfirvinnu. Drög að minnisblöðum liggja fyrir um málin.

- 4. Könnun meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð. Framhald.**
Ákveðið var að kynna niðurstöður könnunarinnar sem framkvæmd var um miðjan nóvember sl. á félagsfundi miðvikudaginn 22. janúar kl. 16-18 ef hentug aðstaða fæst. Fundurinn verður einnig á Teams.
- 5. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ.**
Rætt var um fundi í tengslum við rektorskjör HÍ eins og samþykkt var á stjórnarfundí þann 9. ágúst sl. Ákveðið var að vera með einn opinn fund með öllum frambjóðendum í febrúar. Þá verði fundir með hverjum frambjóðanda fyrir sig.
- 6. Næsti fundur.**
Næsti fundur samkvæmt áætlun verður föstudaginn 24. janúar kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27.
- 7. Önnur mál.**
 - a) Jólahittingur stjórnar.**
Síðbúinn jólahittingur stjórnar verður laugardaginn 25. janúar kl. 18.00. Staðsetning verður tilkynnt síðar.
 - b) Jólaboð emeríta.**
Jólaboð emeríta þann 3. desember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar gekk vel og komu um 55 manns. Þá var jólaboð emeríta haldið á Akureyri 10. desember og mættu átta manns í það.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Fundarritari: LP.